



Hæsta tréð valið Tré ársins



Sitkagreni við Systrafoss á Kirkjubæjarklaustri var útnefnt Tré ársins við hátíðlega athöfn mánudaginn 12. september. Svo skemmtilega vill til að tréð er jafnframt hæsta tré landsins og rauf nýlega 30 metra

múrinn fyrst íslenskra trjáa eftir ísöld. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði samkomuna af þessu tilefni og mældi svo tréð með aðstoð sérfræðings frá Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá (Mynd: EB).

Snúum vörn í sókn



Jákvæð umræða um skógrækt var áberandi þegar ég var að alast upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Vigdís Finnbogadóttir fór um héruð, gróðursetti tré og talaði um mikilvægi skógræktar, Ríó Tríó söng um að landið fyki burt og fólk fylltist bjartsýni þegar Landgræðsluskógaátakinu var ýtt úr vör árið 1990.

Á undanförunum misserum hefur því miður mikið farið fyrir neikvæðri umræðu um skógrækt í samfélaginu. Í fjölmiðlum hafa birst greinar, jafnvel heilu greinabálkarnir, þar sem skógrækt er fundið flest til foráttu, varað er við áformum skógræktarfélks og það kallað illum nöfnum. Af umfangi umræðunnar mætti halda að skógrækt væri sérlega umdeild hér á landi og að hér væri um að ræða málefni sem skipti þjóðinni í tvær fylkingar. Það er þó fjarri sanni. Í raun er vandfundinn sá málaflökkur sem jafnmikil samstaða ríkir um og skógrækt. Kannanir á viðhorfum landsmanna til skógræktar sýna að yfirgnæfandi meirihluti er hlynntur henni. Þá er skógrækt jafnframt almennt viðurkennd sem mikilvæg mótvægisáðgerð í loftslagsmálum sem er það umhverfismál sem hvað heitast brennur á heimsbyggðinni nú um stundir.

Það er því öfugsnuíð að skógræktarmenn skuli sýknt og heilagt þurfa að bregðast til varnar fyrir starf sitt sem nýtur jafn víðtækrar velvildar og raun ber vitni. Það er líka undarlegt að skógræktarfolk skuli reglulega

þurfa að svara fyrir rangfærslur og rógburð í þess garð. Skógræktarfolk á ekki að þurfa að vera sett á sakamannabekk og svara fyrir glæpi sem engir eru.

Þá er einnig hætt við því að því oftast sem vitleysan er endurtekin í fjölmiðlum að fjölga kunni í hópi þeirra sem aðhyllast hana eða fyllast tortryggni í garð þess sakleysislega athæfis að rækta skóg í skóglausasta landi Evrópu. Stöku skógræktandi kynni jafnvel að fyllast samviskubiti og eftirsjá yfir athæfi sínu.

Það er því tímabært að skógræktarfolk hætti að láta fáar en háværar úrtöluraddir stjórna umræðunni um skógrækt. Nú er kominn tími til að skógræktarfolk láti í sér heyra og bendi á þá fjölmörgu kosti sem aukin skógrækt hefur fyrir umhverfi og samfélag.

Í stað þess að eyða tíma í að svara rangfærslum og rógburði, ætti það að skrifa jákvæðar og uppbyggilegar greinar um gildi þess að gróðursetja tré og rækta skóg. Það þarf að gera sig í auknum mæli gildandi á samfélagsmiðlum og sýna þar með stolti fram á mikilvægi skógræktar. Jafnframt þarf skógræktarfolk að vera duglegt að bjóða fólki að koma út í skóg og upplifa hann í allri sinni dýrð, útskýra fyrir því kosti hans, upplýsa og fræða. Síðast en ekki síst þarf skógræktarfolk að vera stolt af starfi sínu, jákvætt og bjartsýnt líkt og í aðdraganda Landgræðsluskógaátaksins fyrir rúmum 30 árum. Skógrækt er nefnilega ekkert til að skammast sín fyrir.

Einar Örn Jónsson

Laufblaðið

Fréttablað, 31. árgangur, 2. tölublað 2022.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Einar Örn Jónsson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2022:

Jónatan Garðarsson formaður
Þuríður Yngvadóttir varaformaður
Jens B. Baldursson gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:

Berglind Ásgeirsdóttir
Páll Ingbór Kristinsson
Nanna Sjöfn Pétursdóttir

Varamenn:

Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Björn Traustason

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



Ljósmyndarar í blaðinu: Einar Jónsson (EJ), Elisabeth Bernard (EB), Jens B. Baldursson (JBB), Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF).



Að loknum erindum sátu fyrirlesarar fyrir svörum í pallborði (Mynd: EB).

Fulltrúafundur í Guðmundarlundi

Um 30 manns hvaðanæva af landinu sóttu fulltrúafund skógræktarfélaganna sem fram fór í Guðmundarlundi í Kópavogi laugardaginn 11. júní. Þetta er fyrsti fulltrúafundurinn sem haldinn er eftir heimsfaraldur kórónuveiru og voru þátttakendur því fegnir að geta hist á ný í eigin persónu.

Þema fundarins að þessu sinni var *Bætt aðgengi að útivistarskógum skógræktarféлага*. Fyrirlesarar fjölluðu meðal annars um skipulag útivistarskóga, gerð stíga og annarra innviða í þeim, eldvarnir og ávinning þess að bæta aðgengi að skógunum fyrir samfélagið.

Sérstaka athygli vakti erindi Rebekku Kristínar Gardarsdóttur, stjórnarmanns í Skógræktarfélagi Eyfirðinga, þar sem hún fjallaði á ítarlegan hátt um nýlegt átak félagsins þar sem safnað var fyrir snjótroðara í Kjarnaskóg. Þó að markið væri sett hátt gekk söfnunin vonum framár og er ljóst að skógræktarfolk um land allt getur lært margt af Eyfirðingum í þessum efnum.

Að erindum og pallborðsumræðum loknum

nutu gestir leiðsagnar Kristins H. Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Kópavogs, um Guðmundarlund.

Einar Jónsson



Í lok fundar var skoðunarferð um Guðmundarlund (Mynd: EB).

Nýr og betri inngangur í Slögu

Gerður hefur verið nýr inngangur í skógræktarsvæðið í Slögu í stað gamla bratta inngangsins. Nýi inngangurinn er hugsaður til að gera svæðið aðgengilegra fyrir gamalt fólk og fatlað. Þarna er víðast mjög blautt og því var ákveðið að nota jarðvegsdúk (sama og er notaður undir veginn á Kjalarnesi) undir stíginn. Það reyndist afar vel og sparaði mikið efni.

Þá hafa verið smíðuð hlið við tvo aðra innganga neðst í Slögu til að bæta aðgengi fótgangandi fólks og gönguhlið að nágrennajarðinni Ósi en vinsælt hefur verið að ganga þar í gegn m.a. að flugvélaflaki sem þar er.



Smíðuð hafa verið tvö hlið við tvo innganga í skógræktarsvæðið í Slögu (Mynd: JBB).



Sævar Helgi Bragason ræddi við börnin um umhverfismál eftir gróðursetninguna (Mynd: RF).

Gróðursetningar í Vinaskógi

Tvær gróðursetningar fóru fram í Vinaskógi við Þingvelli í júní. Fimmtudaginn 2. júní gróðursettu nemendur í Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi 55 trjáplöntur í skóginum, í samstarfi við umboðsmann barna, Skógræktarfélag Íslands og Yrkjusjóð.

Tilfni gróðursetningarinnar var barnaþing sem fyrst var haldið í nóvember 2019 og í annað sinn í mars á þessu ári. Umhverfismál eru börnum afar hugleikin og var mikil áhersla lögð á þau málefni í umræðum á báðum barnaþingum. Markmið gróðursetningarinnar er að binda kolefni á móti losun tengdri ferðum barnaþingmanna og sérstaklega þeirra sem komu lengst að, í samræmi við áherslur barnaþingmanna á umhverfis- og loftslagsmál og umhverfisvæna samgöngumáta.

Í júní gróðursettu sjálfboðaliðar á vegum Skógræktarfélags Íslands svo 179 tré í Vinaskógi á Þingvöllum til minningar um þá sem látist hafa úr Covid-19 sjúkdómnum á Íslandi. Gróðursetningin var

að undirlagi alþjóðlegu samtakanna Healing Trees en markmið þeirra er að gróðursetja yfir fimm milljón trjáplöntur um allan heim í minningu þeirra sem hafa látist í heimsfaraldrinum.

Einar Örn Jónsson



Sjálfboðaliðar gróðursetja plöntur í minningu þeirra sem látist hafa í heimsfaraldrinum (Mynd: EJ).

Átak í söfnun birkifræja

Skógræktin og Landgræðslan standa fyrir átaki í söfnun birkifræja í haust og er almenningur hvattur til að safna fræjum í nærumhverfi sínu og koma þeim til skila í verslunum Bónus eða Olís. Á þessum stöðum er einnig hægt að fá kassa undir fræin. Félagar í skógræktarfélagum eru hvattir til að leggja þessu góða málefni lið og gera sér ferð út í skóg í haustbliðunni til að safna birki-fræi. Það er upplögð gæðastund fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar um átakið má finna á birkiskogur.is.



European Forest Network á Íslandi

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarfélaganna í Evrópu og er megin áhersla þeirra á að skiptast á upplýsingum um skógar- og skógræktar tengd málefni. Aðildarlönd skiptast á að halda fund samtakanna en auk formlegra skýrslna sem hvert land flytur á fundinum gefst gott tækifæri til að rækta tengsl við erlenda kollega innan hinna ýmsu hliða skógræktar. Til stóð að halda fund samtakanna hér á Íslandi árið 2020 í tilefni 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands þá, en það náðist ekki, né árið 2021, vegna kórónaveirufaraldursins. Í ár hafði faraldurinn hjaðnað nóg til að fundarfært væri og var fundurinn haldin nú 15.-18. september síðast liðinn.

Yfirskrift fundarins nú var „Forestry in a changing climate/Áhrif loftslagsbreytinga á skóga og aðlögun að þeim“. Mættu alls fjórtán fulltrúar, frá sex löndum, til landsins og voru það Pólland, Svíþjóð, Austurríki, Króatía, Skotland og Lettland. Fundurinn hófst með móttökukvöldverði þann 15. september. Daginn eftir var Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá heimsótt, þar sem Edda Oddsdóttir, sviðstjóri rannsóknasviðs, tók á móti hópnum. Því næst var haldið upp í Öskjuhlíð og skoðaður skógurinn þar, auk þess sem Öskjuhlíðin býður upp á gott útsýni yfir „borgarskóginn“ Reykjavík. Næst var haldið til Guðmundarlundar þar sem fulltrúar allra landanna héldu erindi um það helsta í skógrækt síns lands, með sérstakri hliðsjón á málefni loftslagsbreytinga, og spunnust miklar umræður út frá erindunum. Laugardaginn 17. september var svo haldið í vettvangsferð, sem byrjaði á heimsókn til Þingvalla, með viðkomu í Vinaskógi. Þaðan var haldið í hádegismat á Úlfjótssvatni, þar sem Skógræktarfélag Íslands er með bækistöð og kynnt starfsemin þar. Að hádegisverði loknum var haldið í heimsókn til Skógræktar-

félags Árnesinga að Snæfoksstöðum, þar sem Bergur Þór Björnsson og Hreinn Óskarsson tóku á móti hópnum, kynntu starfsemi félagsins og leiddu skógargöngu. Fundi lauk svo sunnudaginn 18. september með umræðu um framtíðar fyrirkomulag fundar og næstu skref innan samtakanna, en næsti fundur er fyrirhugaður í Króatíu árið 2023.

Ragnhildur Freysteinsdóttir



Grisjaður sitkagrenireitur að Snæfoksstöðum í Grímsnesi, skógi Skógræktarfélags Árnesinga. Erlendu gestunum fannst mjög áhugavert að sjá „skóg eins og heima“ hér á Íslandi! (Mynd: RF).



Martin Höbarth, framkvæmdastjóri Austurríska skógræktarfélagsins, fer yfir regluverk í kringum kolefnisbindingu og sölu kolefniseininga í Austurríki (Mynd: RF).



Vinaskógur skoðaður og rætt um plöntuval og gróðursetningu (Mynd: RF).



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, gróðursetur tré í Vinaskógi og nýtur við það aðstoðar dóttur sinnar Eddu Margrétar, frú Vigdísar Finnbogadóttur og móður sinnar Margrétar Thorlacius (Mynd: EJ).

Langþráður aðalfundur í Mosfellsbæ

Skógræktarmenn voru sem kýr að vori þegar þeir streymdu á aðalfund Skógræktarfélagss Íslands sem fram fór í Hlégarði í Mosfellsbæ helgina 2.-4. september. Fundinum hafði verið frestað í tvígang vegna heimsfaraldurs og því að vonum mikil tilhlökkun í mannskapnum að geta loksins haldið ærlegan aðalfund.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar var gestgjafi og fírst það hlutverk afar vel úr hendi. Félagið skipulagði áhugaverðar skoðunarferðir um nokkur af fjölmörgum skógræktarsvæðum bæjarins, meðal annars um fjölbreyttar landnemaspildir í Úlfarsfelli og Meltúnsreitinn sem er falin perla í iðnaðarhverfi í bænum.

Á laugardag hélt hersingin til Þingvalla þar sem komið var við í Vinaskógi og í Furulundi. Í Vinaskógi gróðursetti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tvö tré og naut við það aðstoðar frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta auk móður sinnar, Margrétar Thorlacius og dóttur, Eddu Margrétar. Er þetta í fyrsta sinn sem Guðni gróðursetur tré í Vinaskógi en upphaflega stóð til að gróðursetningin færi fram árið 2020 á 90 ára afmæli Skógræktarfélagss Íslands. Í Furulundi var síðan boðið upp á veitingar og kórsöng í blíðskaparveðri.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var fundar-gestum boðið upp á fjölmörg áhugaverð fræðsluerindi, meðal annars um skógrækt í Mosfellsbæ, náttúrufar og

menningu á Mosfellsheiði, nýja skaðvalda á birki, varnir gegn gróðureldum og tré og runna til skrauts í skógum.

Á laugardagskvöld var svo blásið til hátíðarkvöldverðar þar sem Kristín Davíðsdóttir úr Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar var heiðruð fyrir störf sín í þágu skógræktar og Magnús Jóhannesson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélagss Íslands, gerður að heiðursfélaga þess. Þá var þeim skógræktarfélagum sem fögnuðu tugaafmæli á árinu færðar árnaðaróskir. Að borðhaldi loknu lék svo hljómsveit fyrir dansi.

Sunnudagsmorguninn var svo venju samkvæmt helgaður hefðbundnum aðalfundarstörfum svo sem afgreiðslu ályktana og kjöri til stjórnar. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á þessum fundi. Að lokum bauð Nanna Sjöfn Pétursdóttir, formaður Skógræktarfélagss Bíldudals, gesti velkomna á aðalfund 2023 sem haldinn verður á sunnanverðum Vestfjörðum, Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði.

Nánari umfjöllun um aðalfund Skógræktarfélagss Íslands árið 2022 verður svo birt í 2. tölublaði Skógræktarritsins auk þess sem nálgast má ályktanir og annað efni tengt fundinum á vef félagsins skog.is.

Einar Örn Jónsson



Á laugardagskvöld var blásið til hátíðarkvöld-
verðar og dansiballs í Hlégarði (Mynd: EB).



Guðbrandur Brynjúlfsson og Elísabet Kristjánsdóttir
leiða söng í Hamrahlíð (Mynd: EJ).



Fulltrúar ungu kynslóðarinnar létu sig ekki vanta á
aðalfund Skógræktarfélag Íslands (Mynd: EJ).



Karlakór Kjalnesinga söng fyrir gesti í Furu-
lundi á Þingvöllum (Mynd: EB).



Stjórn Skógræktarfélag Mosfellsbæjar á heiður skilinn fyrir gestrisni og hlýjar móttökur á aðalfundinum.
Eins og sjá má klæddu stjórnarmenn sig í stíl á fundinum (Mynd: RF).



Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands ásamt fulltrúum nokkurra skógræktarfélaganna á Austurlandi (Mynd: RF).

Starfsmenn á ferð um Austurland

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands ásamt formanni félagsins gerðu sér ferð austur á land í september og heilsuðu upp á forsvarsmenn nokkurra skógræktarfélaganna í landshlutanum. Hittu þau fulltrúa frá Skógræktarfélögum Djúpavogs, Reyðarfjarðar, Neskaupsstaðar, Eskifjarðar og Austur-Skaftfellinga.

Sams konar ferð var farin til skógræktarfélaganna á Snæfellsnesi í fyrrahaust og þótti takast svo vel til að upplagt þótti að skipuleggja fleiri slíkar í öðrum landshlutum.

Saman skoðaði hópurinn skóga félaganna enda alltaf fróðlegt að sjá hvað nágrannarnir eru að bardúsa og fá tækifæri til að bera saman bækur sínar.

Var mál manna að vel hefði tekist til enda eru heimsóknir sem þessar til þess fallnar að efla kynni og samstarf manna á milli, ekki aðeins milli skrifstofu SÍ og aðildarfélaganna heldur gefa þær einnig skógræktarfólki í sama landshluta tækifæri til að kynnast betur og læra hvert af öðru.

Jafnframt notaði starfsfólk Skógræktarfélagsins tækifærið og tíndi birkifræ og köngla í Hallormsstaðarskógi og skoðaði asparhúsið í Vallanesi. Á heimleiðinni staldraði hópurinn við á Kirkjubæjarklaustri þar sem fram fór athöfn í tilefni af vali á Tré ársins, sitkagrenitré sem jafnframt er hæsta tré landsins og það fyrsta sem rýfur 30 metra múrinn.



Heimamenn leiddu hópin um reiti skógræktarfélaganna og sögðu frá (Mynd: RF).



Það jafnast ekkert á við það að gæða sér á veitingum í skóginum (Mynd: RF).